

# Desemberbréf Laugargerðisskóla 2022

Nú þegar aðventan er byrjuð eru flestir komnir í smá jólasþap. Nemendur eru byrjaðir að skreyta í skólanum og föndur byrjar fljótlega. Desember er frekar rólegur hjá okkur og því kjörið tækifæri til að slaka aðeins á og njóta aðventunnar. Það verður að mestu hefðbundin kennsla þennan mánuð en að sjálfsögðu munum við brjóta upp öðru hverju með föndri. Það verða a.m.k. þrjú föndurdagar þar sem við brjótum upp eftir hádegi. Við stefnum á 5., 13. og 15. des en þessar dagsetningar eru ekki heilagar og gætu breyst.

Litlu jólin verða með hefðbundnu sniði í ár þar sem nemendur koma 10:30 og við byrjum með stofujólum og foreldrar/forráðamenn og aðrir gestir eru síðan velkomnir kl. 13:00 en þá verða verðlaunaafhendingar fyrir glugga og umslög, smá dans í kringum jólatré og við endum með kaffi.

8. des. Rökkurró í Hofstaðaskógi með Lýsuhólsskóla kl. 14:00 - 16:00.

9. des. Skautuferð með foreldrafélaginu

12. des. Tónlistardagur hjá Jenna. Hefst kl. 13:00, gestir velkomnir

14. des. Langur dagur hjá 5.-9. bekk (Hítarnes á vakt)

20. des. Litlu jólin

Sú venja hefur verið hér í mörg ár að nemendur gefi hverjir öðrum gjafir í tengslum við stofujólin og munu þeir einnig gera það nú í ár. Verð hverrar gjafar ekki meira en 1000 - 1500 krónur. Dregið er um gjafirnar í bekkjunum. Gott að skila gjöfum til umsjónarkennara með góðum fyrirvara.

Starfsdagur 2. janúar hjá starfsfólki.

Fyrsti kennsludagur eftir jólafrí verður þriðjudagurinn 3. janúar 2023

Gleðileg jól .

Starfsfólk Laugargerðisskóla

